

Samningur um kennslu og rannsóknir á milli Háskóla Íslands og mennta- og menningarmálaráðuneytis 2012 - 2016

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, kt. 460269-2969, í samningi þessum nefnt ráðuneyti, og Háskóli Íslands, kt. 600169-2039, í samningi þessum nefndur háskóli, gera með sér svofelldan samning um fjárframlög til kennslu og rannsókna á grundvelli heimildar í 1. mgr. 21. gr. laga nr. 63/2006 um háskóla með síðari breytingum.

1. Lagaheimildir og forsendur samningsins

- 1.1. Háskólinn starfi í samræmi við lög um háskóla nr. 63/2006, lög um opinbera háskóla nr. 85/2008, reglur og önnur stjórnvaldsfyrirmæli sem ráðuneytið gefur út á grundvelli þeirra, þ.m.t. lög og reglugerðir um rekstur og fjármál ríkisaðila¹.
- 1.2. Háskólinn hafi viðurkenningu skv. 3. gr. laga um háskóla.
- 1.3. Aðilar þessa samnings gera með sér samkomulag í viðauka samnings þessa til að útfæra nánar áherslur og sameiginleg markmið skv. c- lið 2. mgr. 21. gr. laga um háskóla. Telst samkomulagið í viðauka vera hluti af samningi þessum og er miðað við að það sé endurskoðað árlega.


2. Þjónusta, verkefni

- 2.1. Háskólinn veiti nemendum og kennurum nauðsynlega þjónustu og aðbúnað sem almennt tíðkast vegna rannsókna, náms og kennslu. Fræðasvið háskólans eru félagsvísindasvið, heilbrigðisvísindasvið, hugvísindasvið, menntavísindasvið, verkfræði- og náttúruvísindasvið. Skrá yfir prófgráður háskólans er í viðauka við samning þennan.
- 2.2. Háskólinn vinni að rannsóknum og nýsköpun ásamt uppbyggingu þekkingar og miðlun hennar á framangreindum fræðasviðum með áherslu á gæðarannsóknir og alþjóðlegt og innlent samstarf, þróttmikið framhaldsnám sem uppfyllir alþjóðlegar gæðakröfur, samþættingu kennslu og rannsókna á öllum námsstigum og samfélagslega og ábyrgð. Samningurinn miðast við 13.000 – 16.000 nemendur hvert háskólaár.

3. Réttindi og skyldur nemenda

- 3.1. Háskólinn hafi á vefsíðu sinni greinargóðar upplýsingar um réttindi og skyldur nemenda, þar á meðal leiðbeiningar um málskotsrétt þeirra, gjaldtökureglur, fyrirkomulag náms, kennsluskra og próftökureglur.
- 3.2. Innritun nemenda er á ábyrgð háskólans sbr. VII. kafla laga um háskóla.

¹ Háskólanum verður sent bréf þar sem vakin er athygli á lögum og reglugerðum sem geta átt við.



- 3.3. Háskólinn taki þátt í að samræma umsóknarferli um nám með öðrum háskólum og ráðuneytinu.
- 3.4. Háskólinn haldi rafrænt nemendabókhald sem getur látið miðlægu kerfi í té upplýsingar um nemendur háskólans svo sem skráningu þeirra í námskeið og próftöku, eftir misserum.

4. Ábyrgð

- 4.1. Háskólinn ber ábyrgð á að þjónusta við nemendur sé fagleg og fullnægi kröfum um gæði og sé í samræmi við lög. Hann skal geta lagt fram gögn og skýrslur um innra mat, skv. 12. gr. laga um háskóla, því til staðfestingar.

5. Framlög ríkisins og fjárhagsleg samskipti

- 5.1. Rekstrarframlög ríkisins til háskólans á grundvelli sammings þessa eru ákveðin í fjárlögum hvers árs, sbr. 21. gr. háskólalaga og 3. mgr. 21. gr. laga um fjárreiður ríkisins.
- 5.2. Framlög til háskólans á grundvelli sammingsins eru bæði með fyrirvara um ákvörðun Alþingis um fjárveitingu í fjárlögum og um að stjórnvöld kunna að ákveða breytingar á þeim við undirbúning fjárlaga vegna aðstæðna í ríkisfjármálum á hverjum tíma.
- 5.3. Framlag ríkisins samkvæmt samningi þessum tekur breytingum vegna almennrar launa- og verðlagsþróunar í fjárlögum hvers árs.
- 5.4. Tillögur ráðuneytisins við undirbúning fjárlaga um árlegt rekstrarframlag til sammingsins byggja á reglum sem ráðherra setur skv. 1. mgr. 22. gr. laga um háskóla. Sömu viðmiðanir verða notaðar við tillögugerð vegna sammings þessa og vegna háskóla almennt, en að öðru leyti byggjast fjárlagatillögur meðal annars á eftirfarandi forsendum:
 - 5.4.1. Ársnemendafjöldi á grundvelli próftöku í mismunandi námi (verðflokkum). Miðað verður að hámarki við 11.000 ársnemendur en að lágmarki við 8.500 ársnemendur.
 - 5.4.2. Framlagi sem tekur mið af fjölda brautskráðra nemenda.
 - 5.4.3. Framlagi til Aldarafmælistjóðs Háskóla Íslands, samkvæmt viðauka 2.
 - 5.4.4. Framlagi til rannsókna og annarra verkefna.
 - 5.4.5. Framlagi til annarra verkefna sem ráðuneytið felur háskólanum, sbr. d-lið 21. gr. laga um háskóla.
- 5.5. Háskólinn skilar ráðuneytinu upplýsingum vegna undirbúnings fjárlagatillagna með sama hætti og aðrir háskólar. Ráðuneytið kynnir tillögur sínar og afgreiðslu á þeim með sama hætti og fyrir öðrum háskólum.
- 5.6. Háskólinn skilar ráðuneytinu ársáætlun (fjárhagsáætlun) samkvæmt 7. og 8. gr. reglugerðar um framkvæmd fjárlaga.
- 5.7. Að fjárlagaárinu liðnu skal gera rekstrarframlag upp formlega í samræmi við reglur um uppgjör fjárveitinga sem ráðuneytið setur skv. 1. mgr. 22. gr. laga um háskóla.
 - 5.7.1. Háskólinn lætur ráðuneytinu í té upplýsingar um próftöku og annað sem uppgjör verður byggt á. Skal þetta gert svo fljótt sem verða má eftir lok fjárlagaársins og getur ráðuneytið ákveðið skiladaga.
 - 5.7.2. Leiði uppgjör í ljós að háskólanum hafi verið ofgreitt framlag endurgreiðir hann umframframlagið innan tveggja mánaða frá uppgjöri, en þó eigi síðar en í júní ár hvert og er miðað við að dreifa því á þrjá næstu mánuði, nema skólinn semji um annað við ráðuneytið. Ráðuneytinu er heimilt að draga ofgreitt framlag frá fjárveitingu á uppgjörssárinu. Háskólinn á ekki rétt á herra framlagi en veitt er til hans í fjárlögum þótt raunfjöldi ársnemenda sé umfram forsendur



fjárveitinga til hans, nema um það hafi verið gert sérstakt skriflegt samkomulag í tengslum við innritun nemenda.


6. Upplýsingar, samskipti og eftirlit


- 6.1. Fulltrúar ráðuneytisins og háskólans funda að lágmarki tvisvar á ári um samninginn.
- 6.2. Fyrir lok máí ár hvert skilar háskólinn ráðuneytinu ársskýrslu skv. 7. gr. reglugerðar um framkvæmd fjárlaga. Í henni skal greint frá framkvæmd samnings þessa og lykiltölum um starfsemi háskóla skv. leiðbeiningum ráðuneytisins.
- 6.3. Háskólinn skilar ráðuneytinu upplýsingum sem það kallar eftir vegna opinberrar upplýsingagjafar.
- 6.4. Háskólinn veitir Hagstofu Íslands sundurliðaðar upplýsingar úr nemendabókhalddi og öðrum skráum vegna hagtalna og skal veita Hagstofu Íslands og ráðuneytinu upplýsingar sem UNESCO, OECD, EUROSTAT og aðrir sambærilegir aðilar fara fram á. Sama gildir um upplýsingagjöf til Rannsóknamiðstöðvar Íslands um vísindarannsóknir, tækniþróun og nýsköpun og Lánasjóðs íslenskra námsmanna vegna námslána.
- 6.5. Samning þennan, viðurkenningarskjöl háskólans, ársreikning hans, ársskýrslu og úttektarskýrslur skal birta á vef háskólans jafnóðum og þessi gögn liggja fyrir. Ráðuneytinu er heimilt að birta gögnin á vef sínum.

7. Gildistími og lok samnings

- 7.1. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2012 til 31. desember 2016.
- 7.2. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekin til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.
- 7.3. Af samningi þessum eru gerð tvö eintök og heldur hvor samningsaðili sínu eintaki.

Reykjavík, 02. júlí 2012


Rektor Háskóla Íslands
Kristín Ingólfssdóttir


Mennta- og menningarmálaráðherra
Katrín Jakobsdóttir